

Miðvikudaginn 28. febrúar 1968.

Nr. 177/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Steingrími Njálssyni.

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ölvun í flugvél. Brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað umsagnar flugmálastjóra um mál þetta og fengin lýsing á flugvélinni TF-FLE og stjórnækjum hennar. Þá hafa ákærði svo og flugumferðarstjórnir Ernst Gíslason og Haraldur Guðmundsson gefið skýrslur fyrir dómi.

Málsatvikum er nægilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Það framferði ákærða að taka til stjórnækja flugvélarinnar TF-FLE í umrætt sinn og hindra þannig flugmanninn í að lenda á Reykjavíkurflugvelli setti flugmanninn í yfirvofandi lífs-hættu og orsakaði einnig hættu fyrir aðra menn, þar sem flogið var á flugleiðum og yfir þéttbýli.

Með skírskotun til þessa og forsendna héraðsdóms telst ákærði sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir, og eru brot hans þar réttilega til laga færð. Er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Flugmaðurinn, Hreinn Ómar Arason, hefur krafizt úr hendi ákærða þjáninga- og miskabóta að fjárhæð kr. 35.000.00 með 8% ársvöxtum frá 18. júlí 1967 til greiðsludags. Engin læknisfræðileg gögn hafa verið lögð fram til stuðnings þessari kröfu. Eftir atvikum þykir ekki óeðlilegt, að háttsemi ákærða hafi haft í för með sér andlegar þjáningar fyrir flugmanninn, og á hann því rétt á bótum samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þegar það er virt, að Hreinn Ómar hóf flug með ákærða í flugvélinni TF-

FLE vitandi, að hann var undir áhrifum áfengis, þykja bætur hæfilegar kr. 10.000.00 með 7% ársvöxtum frá 18. júlí 1967 til greiðsludags.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hér fyrir dómi, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og laun skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði Hreini Ómari Arasyni kr. 10.000.00 með 7% ársvöxtum frá 18. júlí 1967 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hér fyrir dómi, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmans, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. september 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 13. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 329/1967: Ákærvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 1. ágúst 1967, höfðað á hendur Steingrími Njálssyni, Norðurgötu 12 B, Siglufirði, fæddum þar 21. apríl 1942, fyrir brot á 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954 með því að hafa mánudaginn 18. júlí 1967 sem farþegi í flugvélinni TF-FLE, sem ákærði hafði leigt til skemmtiflugs, stofnað lífi eða heilsu flugmannsins, Ómars Arasonar, Lönguhlíð 25, Reykjavík, í augljósa hættu með því að grípa í stjórntæki vélarinnar og auka við benzínþjöf hennar með þeim afleiðingum, að flugvélin kastaðist til, og flugmaðurinn varð að hætta við hafna lendingu á Reykjavíkurflugvelli, en lenda á Sandskeiði nokkru síðar, eftir að hafa róað ákærða, sem var hneykslanlega

ölvaður í umrætt sinn. Þá skemmdi ákærði talstöðvartæki vélarinnar, meðan á fluginu stóð, með því að skera í tækin með hníf, sem hann hafði meðferðis.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta auk sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

- 1958 9/1 í Reykjavík: Kærður fyrir árás. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 19/4 1960 gegn 10.000.00 kr. skaðabótagreiðslu.
- 1959 8/3 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og árás.
- 1959 8/9 í Reykjavík: Kærður fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 1/9 1959.
- 1959 10/12 í Hafnarfirði: Kærður fyrir þjófnað á skellinöðru. Ákæru frestað í 2 ár frá 1/9 samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins d. u. s.
- 1961 8/10 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn lögreglusamþykkt Skagafjarðarsýslu.
- 1962 13/12 á Siglufirði: Sátt, 125 kr. sekt fyrir brot á 51. gr., sbr. 65. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.
- 1962 14/12 á Siglufirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 5. gr., 1. og 2. og 10., sbr. 116. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar.
- 1963 18/7 á Siglufirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 49. gr. og 8. mgr. 60. gr., sbr. 1. mgr. 80. gr. umferðarlaga.
- 1963 11/11 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244., 209., 217. gr. 1. mgr. 203. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr. og 194. gr. og með hliðsjón af 202. gr. hegningarlaga.
- 1964 11/12 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: Fangelsi í 1 ár fyrir brot gegn 1. mgr. 203. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr., sbr. 194. gr. hegningarlaga og með hliðsjón af 202. gr. sömu laga, svo og gegn ... (svo).
- 1965 25/10 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Áminning fyrir brot á 37. og 48. gr. umferðarlaga.
- 1966 18/8 á Siglufirði: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu. (Dómsbirting 30/8 1966).
- 1966 14/9 á Siglufirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 6. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar.

- 1966 25/10 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Áminning fyrir brot á 37. gr. og 48. gr. umferðarlaga.
- 1967 13/2 á Siglufirði: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur ökuréttindum ævilangt frá dómsbirtingu. (Dómsbirting 27/2 1967).

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 18. júlí 1967, klukkan 2200, var óskað aðstoðar lögreglu að Sandskeiði vegna flugvélar frá Flugskólanum Þyt, sem þar hafði lent með ölvaðan farþega. Lögreglan fór á staðinn og handtók þar ákærða í máli þessu, sem henni virtist vera áberandi ölvaður.

Vitnið Hreinn Ómar Arason, Lönguhlið 25, Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að umræddan dag hafi ákærði komið í flugskólann og óskað eftir flugvél til leigu. Flaug vitnið með hann í 45 mínútur, en þá er vitnið hugðist lenda flugvélinni, óskaði ákærði eftir 15 mínútna flugi til viðbótar, og varð vitnið við því. Vitnið sagði, að ákærði hefði verið með vín meðferðis, en ekkert hefði hann verið orðinn drukkinn, þegar lent var. Nokkru síðar kom ákærði aftur og óskaði eftir flugvél á leigu í hálfa klukkustund. Virtist vitninu hann þá vera lítillaga undir áhrifum áfengis. Vitnið flaug ákærða í flugvélinni TF-FLE, og á leiðinni neytti hann áfegis. Þegar hin hálfa klukkustund var liðin, vildi ákærði fljúga lengur, en vitnið vildi ekki fallast á málaleitan hans og hóf aðflug að Reykjavíkurflugvelli. Kvaðst vitnið hafa reynt aðflug nokkrum sinnum, en ákærði greip í stjórnþæki, átti við benzínjölf vélarinnar og hindraði vitnið þannig við að lenda. Taldi vitnið, að ákærði hefði með þessu atferli sínu stofnað þeim báðum í lífsháska. Flaug vitnið síðan upp á Sandskeið og lenti þar án afskipta ákærða. Eftir landingu kvað vitnið ákærða hafa valdið skemmdum á talstöðvarkerfi vélarinnar, en hann bætti þær skemmdir, áður en mál þetta var höfðað, og komu engar bótakröfur fram þeirra vegna.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa verið mikið ölvaður í síðari flugferðinni. Einnig hefur hann játað að hafa sýslað við benzínjölf flugvélarinnar og gripið í landingartækin, þegar flugmaðurinn var að reyna landingar á Reykjavíkurflugvelli, svo sem nánar er rakið hér að framan.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst nægilega sannað, að ákærði hafi greint sinn gerzt

sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæru og þar réttilega færð til lagaákvæða. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 2 mánuði.

Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður hefur f. h. Hreins Ómars Arasonar krafizt þess, að ákærði yrði dæmdur til að greiða Hreini Ómari þjáninga- og miskabætur að fjárhæð kr. 35.000.00 auk 8% ársvaxta frá 18. júlí 1967 til greiðsludags og innheimtulauna að fjárhæð kr. 4.100.00. Ákærði hefur mótmælt skaðabótakröfunni sem of hárrí. Rétt þykir að dæma ákærða til að greiða Hreini Ómari, sem kvaðst hafa orðið mjög skelfdur við umrætt atvik, skaðabætur, samtals að fjárhæð kr. 10.000.00 með 8% ársvöxtum frá 30. ágúst 1967 til greiðsludags. Ekki eru efni til að dæma innheimtulaun, þar sem krafan er höfð uppi í opinberu máli.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti varðhaldi 2 mánuði.

Ákærði greiði Hreini Ómari Arasyni, Lönguhlíð 25, Reykjavík, krónur 10.000.00 með 8% ársvöxtum frá 30. ágúst 1967 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.